

AUGLÝSING

196

5. des.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög.

40. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag opinberra starfsmanna, Hafnarfirði. Varnarþing í Hafnarfirði. Staðfest 19. janúar 1949.
41. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag lögreglumanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 23. ágúst 1949.
42. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Varnarþing í Vestmannaeyjum. Staðfest 7. september 1949.
43. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag atvinnuflugmanna í Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 13. október 1949.
44. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Ingólfur, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 21. október 1949.
45. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna áætlunarbifreiða póststjórnarinnar í Reykjavík og nágrenni. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 24. nóvember 1949.
46. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Landsbanka Íslands, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 25. nóvember 1949.
47. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna Flugfélags Íslands og Loftleiða. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 30. nóvember 1949.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Framkvæmdasjóð háskólastúdentana“, 197
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. des. 1949. 5. des.

197
5. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framkvæmdasjóð háskólastúdentana.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður háskólastúdentana.

2. gr.

Sjóðurinn er eign íslenzkra háskólastúdentana og stendur undir stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

197

5. des.

Stofnfé sjóðsins er 5000 — fimm þúsund — krónur, sem er framlag stúdentaráðs Háskóla Íslands.

3. gr.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög stúdentaráðs samkvæmt ákvörðun þess á hverjum tíma.
2. Gjafir og annað fé, er sjóðnum kann að áskotnast.
3. Vextir.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggjum hætti.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins og vexti og vaxtavexti af fé hans má aldrei skerða fyrr en það nemur 100000 — eitt hundrað þúsund — krónum, en þá er heimilt að verja öllum vöxtum af þeirri upphæð ásamt öðrum tekjum og eignum sjóðsins, þannig að sjóðurinn nemi ávallt að minnsta kosti 100000 — eitt hundrað þúsund — krónum.

7. gr.

Eigi má veita fé úr sjóðnum nema $\frac{2}{3}$ stúdentaráðs samþykki á fullskipuðum fundi ráðsins.

Skal veita fé úr sjóðnum til gagnlegra framkvæmda í þágu háskólastúdenta, en fé skal aldrei varið til rekstursútgjalda stúdentaráðs eða annarra stofnana.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er hið sama og reikningsár stúdentaráðs.

Reikning sjóðsins skal gera árlega og skal birta hann endurskoðaðan í Árbók háskólans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Til breytingar á skipulagsskrá þessari þarf samþykki $\frac{2}{3}$ stúdentaráðs og staðfestingu forseta Íslands.

198

12. des.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Félags fyrrverandi sóknarpresta“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. des. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Félags fyrrverandi sóknarpresta.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Félags fyrrverandi sóknarpresta og er stofnaður við andlát séra Einars Thorlacíus præg. hon., er andaðist 2. janúar 1949. — Stofnféð er kr. 2050.00 lagt fram af félagsmönnum. Enn fremur gáfu börn og tengdabörn séra Einars Thorlacíus til sjóðsins kr. 1000.00.